

Föstudagur, 18. febrúar 2005

235. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 3/2005

**Kvörtun Mónu ehf. yfir notkun Góu-Lindu sælgætisgerðar ehf.  
á orðinu Karamelludýr fyrir sælgæti**

**I.  
Málavextir**

Með bréfi Viðars Lúðvíkssonar hdl., dags. 25. október 2002, kvartar Móna ehf. yfir háttsemi Góu-Lindu sælgætisgerðar ehf. í tengslum við framleiðslu og markaðssetningu á sælgætinu Karamelludýr.

Forsaga málsins er sú að Móna hefur allt frá árinu 1984 framleitt súkkulaði í dýralíki. Fyrst lakkrísfyllt undir nafninu Sirkus, frá 1990 svokölluð Rjómadýr og árið 1999 þegar súkkulaðidýrin fengu karamellufyllingu undir nafninu Karamelludýr. Um mitt ár 1999 hóf Góa einnig framleiðslu Karamelludýra. Notuð voru sömu mót við framleiðsluna og var þeim dreift í sams konar umbúðum og sælgæti Mónu. Í kjölfar þessa sótti Móna um skráningu á vörumerkinu Karamelludýr hjá Einkaleyfastofu og var það skráð 26. nóvember 1999. Sama haust hurfu Karamelludýr Góu af markaði. Í apríl 2002 hóf Móna að selja Karamelludýr í stórri þakkningu fyrir verslanir og stórmarkaði. Í byrjun október 2002 setti Góa-Linda á ný á markaðinn Karamelludýr í umbúðum sem eru keimlíkar umbúðum súkkulaðidýranna Sirkus frá Mónu.

Í erindinu kemur fram að Móna telur sig njóta óskoraðs vörumerkjaréttar til vörunnar og vörumerkisins Karamelludýr, bæði á grundvelli markaðsfestu og skráningar orð- og myndmerkisins. Öðrum sé því óheimilt að nota í atvinnustarfsemi tákn sem séu eins eða lík vörumerkinu. Um sé að ræða sömu vöru auk þess sem greinileg og augljós ruglingshætta sé fyrir hendi milli vöru Mónu og vöru Góu-Lindu.

Móna telur að Góa-Linda hafi með háttsemi sinni brotið gegn ákvæðum 20. og 25. gr. samkeppnislaga þar sem fyrirtækið hagnýti sér með ólögmatum hætti alla þá viðskiptavild, vörugæði og markaðssetningu sem Móna hafi byggt upp. Þannig hafi Móna fundið fyrir minnkandi sölu á vöru sinni í kjölfar þess að Góa-Linda setti sína vöru á markað. Augljóslega sé þar um að kenna ruglingshættu. Þá furðar Móna sig á að Góa-Linda hafi valið þá leið að velja nákvæmlega eins mót til að steypa súkkulaðið í þar sem fleiri hundruð ef ekki þúsundir mismunandi móta standa til boða. Þá sé

sælgætinu dreift í sams konar pakkingum og Móna noti utan um súkkulaðidýrin Sirkus sem enn auki ruglingshættu.

Móna telur að brot Góu-Lindu séu sérstaklega bagaleg þar sem gæði vöru þeirra séu lakari en vöru Mónu sem seld sé undir sömu merkjum. Ráði þar einkum að loftbólur myndist í súkkulaðinu hjá Góu-Lindu sem fyllingin velli út um. Vegna þessa þorni karamellan í bitunum og verði vond. Móna telur því að ímynd vöru þeirra kunni að bíða skaða vegna þessa þegar höfð sé í huga sú ruglingshætta sem óneitanlega sé með vörunum, ekki síst þegar Karamelludýrin séu seld í lausasölu án merkingar eða tilgreiningar á uppruna þeirra.

Að lokum er í erindinu tekið fram að verulegur vafi leiki á því að verðlagning Góu-Lindu á Karamelludýrum sé nægilega há til að mæta kostnaði við framleiðsluna.

Með erindinu fylgdu afrit nýrra og gamalla verðlista Mónu, ásamt sýnishornum af umbúðum.

## **II.**

### **Málsmeðferð**

#### **1.**

Erindi Mónu var sent Góu-Lindu til umsagnar með bréfi Samkeppnisstofnunar dagsettu 31. október 2002.

Þann 13. nóvember 2002 fékk Samkeppnisstofnun sent afrit bréfs Valborgar Kjartansdóttur hdl., f.h. Góu-Lindu, til lögmanns Mónu. Í bréfinu er öllum kröfum Mónu hafnað. Fram kemur að orðið Karamelludýr sem sé á umbúðum sælgætis Mónu veiti Mónu engan rétt til að stöðva notkun annarra á orðinu. Í vörumerkjaskráningu Mónu sé orðið Karamelludýr ritað með stílfærðu lettri, hvítum stöfum á svörtum grunni. Verndarsvið skráningarinnar sé túlkað of vítt. Orðið Karamelludýr sé bersýnilega lýsandi, hafi þekktu merkingu og teljist skorta sérkenni. Þá sé ekki um brot á samkeppnislögum að ræða.

Með bréfi Valborgar Kjartansdóttur hdl., f.h. Góu-Lindu, dags. 27. nóvember 2002 er Samkeppnisstofnun send umsögn um erindi Mónu. Í bréfinu kemur fram að Góa-Linda hafi, þann 8. nóvember 2002, lagt inn umsókn um orð- og myndmerkið Karamelludýrin frá Góu til Einkaleyfastofu.

Fram kemur að hvorki 20. né 25. gr. samkeppnislaga eigi að koma í veg fyrir notkun Góu-Lindu á orðinu Karamelludýr. Við beitingu 25. gr. samkeppnislaga þurfi að leiða í ljós hvort aðili á rétt til auðkennis eða ekki. Meta þurfi sérkenni orða á sama

hátt og þegar vörumerkjalög séu túlkuð. Nefnd eru dæmi um dóma þar sem reynt hefur á ákvæði 20. og 25. gr. samkeppnislaga, þ.e. Bónus sf. gegn Tæknivali hf. og skiltið Sportvöruverzlun Ingólfs Óskarssonar. Jafnframt er vísað til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 34/1998, *Kvörtun Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf. yfir slagorði Sólar-Víking hf. og auðkenninu „Víking sterkur“*.

Þá kemur fram að 20. gr. samkeppnislaga eigi ekki við um sölu Góu-Lindu á Karamelludýrum, notkun orðsins, lögkun kassanna né lögkun dýranna og er í því sambandi vísað til greinargerðar með frumvarpi til laga um verðlag samkeppnishömlur og óréttmæta viðskiptahætti frá árinu 1950. Samkeppni Góu-Lindu sé heiðarleg og fullkomlega eðlileg. Jafnframt er vísað til ákvörðunar samkeppnisráðs nr. 15/1999, *Notkun Nýju sendibílastöðvarinnar hf. á vörumerkinu Handlangarinn*. Þegar framangreint sé haft í huga sé kvörtun Mónu ekki réttlæt看leg.

Að lokum er vísað til Hæstaréttardóms vegna vörumerkjanna Seroxat og Paroxat þar sem einnig var deilt um form á lyfjatöflum. Í dómnum kom fram að þótt töflurnar væru mjög líkar í útliti væri ekki um einkaleyfi á töflugerðinni að ræða. Umbúðir væru ólíkar sem þó skipti ekki öllu máli þar sem lyfin væru ekki til sölu á almennum markaði, um lyfseðilsskyld lyf væri að ræða. Ekki væri því um brot á 20. eða 25. gr. samkeppnislaga að ræða.

Að lokum kemur fram í svari lögmannsins að hafa beri í huga að Móna hafi ekki einkaleyfi á lögkun súkkulaðidýra og eigi það sama við um lögkun og útlit kassanna og orðið Karamelludýr. Þá styðjist fullyrðingar Mónu um gæði Karamelludýranna frá Góu-Lindu ekki við rök, fullyrðingarnar séu rangar og 20. gr. samkeppnislaga taki ekki til gæða. Fullyrðingum um verðlagningu varanna er jafnframt vísað á bug.

## 2.

Bréf lögmanns Góu-Lindu var sent lögmanni Mónu til umsagnar með bréfi dags. 4. desember 2002. Svárið er dagsett 16. desember 2002 og er þar vakin athygli á að málsatvikum megi ráða að Góu-Linda hafi óskað eftir fresti til að koma að athugasemdum í málinu í því skyni að sækja um skráningu á orð- og myndmerkinu Karamelludýrin frá Góu. Þeirri skráningu verði mótmælt.

Rökum um skort á sérkenni vörumerkis Mónu er mótmælt sem röngum. Vörumerkið sé lýsandi og orðið hafi ekki verið notað fyrir en Móna bjó til sөлgæti og nefndi þessu nafni. Þá verði vöru hans ekki lýst nema með hugtaki á borð við súkkulaði í formi dýrs með fyllingu úr karamellukremi. Vörumerki Mónu takmarki ekki möguleika Góu-Lindu til að nota slíkt hugtak til að lýsa vöru sinni. Þá valdi það undrun að Góu-Linda telji sig ekki geta markaðssett framleiðslu sína nema undir sama nafni og Móna geri, auk þess að hafa ytra útlit vörunnar það sama. Það sé hafið yfir vafa að sөлgæti Góu-Lindu sé sett á markað til höfuðs Karamelludýrum Mónu.

Mikilvægt sé að fram fari heildarmat á markaðssetningu Góu-Lindu á vörunni. Þegar hliðsjón sé höfð af því að Góa-Linda hafi á boðstólum vöru sem sé eins í útliti og vinsæl og traust vörutegund Mónu, varan sé seld undir sama nafni og í umbúðum sem séu keimlíkar sælgætisumbúðum Mónu telji Móna ljóst að vegið sé að vörumerkjarétti og samkeppnishagsmunum Mónu.

Móna telur að það mat Góu-Lindu að orðið Karamelludýr sé bersýnilega lýsandi eigi ekki við rök að styðjast. Nægjanlegt sé að benda á að við skráningu á vörumerkinu hafi Einkaleyfastofan ekki séð ástæðu til að senda Mónu tilkynningu um að merkið væri þess eðlis að vörumerkjaréttur nái ekki til þess sbr. 1. mgr. 15. gr. laga um vörumerki.

Til hliðsjónar bendir Móna á úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 10/2000 um firmanafnið Gleraugnabúðin. Þá er rakið að dæmi þau sem Góa-Linda tiltaki falli illa að máli þessu og séu síst til þess fallin að varpa ljósi á ágreining aðila. Hvað dóm Hæstaréttar um form lyfjataflna varði þá sé óheimilt að auglýsa lyf fyrir almenning. Einungis læknar sem hafi sérþekkingu til að greina á milli lyfjanna geti vísað á lyfin. Engin hættu sé fyrir hinn almenna neytanda vegna keimlíkra nafna eða útlits taflnanna.

Fullyrðingum Góu-Lindu um heiðarlega og eðlilega samkeppni og að kæra Mónu byggist ekki á lögum er harðlega mótmælt. Það sem mestu varði sé að óheiðarleg framkoma sé ekki skilyrði þess að um sé að ræða brot á samkeppnislögum. Þvert á móti séu viðskiptaaðferðir sem sýnilega séu óheiðarlegar, ósanngjarnar eða villandi gagnvart keppinautum eða neytendum andstæðar samkeppnislögum. Móna telji að notkun Góu-Lindu á vörumerkinu Karamelludýr sé ótvírætt til þess fallin að valda ruglingi hjá viðskiptavinum og almennum neytendum. Þannig hafi eigendur söluturna ekki gert sér grein fyrir því fyrr en eftir á að þeir hafi pantað sælgæti undir vörumerkinu Karamelludýr frá röngum aðila.

### 3.

Bréf lögmanns Mónu var sent lögmanni Góu-Lindu til umsagnar með bréfi dags. 20. desember 2002. Svar lögmannsins er dagsett 27. janúar 2003. Rakið er að umsókn um skráningu vörumerkisins Karamelludýrin frá Góu hafi verið lögð inn til að staðfesta vörumerkjarétt sem þegar hafi stofnast vegna notkunar. Óvænt kæra Mónu hafi vakið Góu-Lindu til umhugsunar um rétt sinn og flýtt fyrir því að umsóknin hafi verið lögð inn.

Ítrekað er að orðið Karamelludýr sé lýsandi og skorti sérkenni og breyti rökstuðningur Mónu þar engu um. Á sælgætismarkaði séu ýmsar vörur og orð mynduð um vörunar sem oftast séu mynduð úr tveimur orðhlutum sem hvor um sig lýsi ákveðnum þætti

vörunnar. Dæmi um slík orð séu kókosbolla, sleikibrjóstsýkur, frostpinni og poppkorn. Það sælgæti sem hér sé um deilt sé rétt að nefna Karamelludýr. Það sem einkenni vöruna sé lögun hennar og sú staðreynd að súkkulaðið sé fyllt með karamellu.

Vísað er til norsks fræðirits þar sem fram komi að nýmynduð orð geti verið lýsandi. Þá segir lögmaður Góu-Lindu að þörf fyrir nýmyndun orða skapist af því að ekki sé mögulegt að lýsa öllum hlutum daglegs lífs með setningu sbr. súkkulaði í formi dýrs með fyllingu úr karamellukremi. Mikill fjöldi vörumerkja feli í sér lýsandi orð (ásamt öðrum þáttum) sem ekki njóti verndar 1. mgr. 15. gr. vörumerkjalaga, tilgangur þeirrar greinar sé að gera keppinautum kleift að meta umfang þeirra verndar sem skráningin veitir. Þá sé það ekki rétt að Einkaleyfastofan sendi ávallt bréf til umsækjenda um skráningu vörumerkja þegar ástæða sé til að ætla að hlutar vörumerkisins séu þess eðlis að vörumerkjaréttur nái ekki til þeirra á grundvelli 1. mgr. 15. gr. laganna. Í þessu sambandi er m.a. vísað til framangreinds rits, túlkunar á vörumerkjalögum og dóma.

Hvað varði ákvörðun samkeppnisráðs og úrskurð áfrýjunarnefndar í máli Gleraugnabúðarinnar þá hafi hann byggst á 35 ára notkun ekki að orðið hafi verið lýsandi. Þá hafi tilvísun í dóm Hæstaréttar um Seroxat og Paroxat ekki þjónað þeim tilgangi að vísa í mat á ruglingshættu heldur að stefnandi ætti ekki einkarétt á formi taflnanna, sbr. lögun dýranna í þessu máli.

Að lokum kemur fram að Góa-Linda hafi ekkert á móti því að fram fari heildarmat á markaðssetningu þeirra vara sem mál þetta snúist um. Heiti vörunnar sé lýsandi ásamt eigin auðkenni, formið sé algengt og gerólíkar umbúðir séu í samræmi við góða viðskiptahætti. Ítrekaðar eru kröfur um að kvörtun Mónu verði hafnað og ekki verði gripið til aðgerða.

#### 4.

Með bréfi, dags. 12. febrúar 2003, tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að gagnaöflun væri lokið. Fram kom að Samkeppnisstofnun teldi meint brot Góu-Lindu fyrst og fremst snúa að því hvort notkun orðsins Karamelludýr fyrir framleiðsluvöru fyrirtækisins og það að varan er framleidd í eins mótum og samnefnd vara Mónu valdi ruglingi og bryti þar af leiðandi í bága við ákvæði 20. og 25. gr. samkeppnislaga. Fram hafi komið að Góa-Linda hafi sótt um skráningu á vörumerkinu til Einkaleyfastofu og liggi sá úrskurður ekki fyrir. Réttarstaða til notkunar merkisins væri því óljós og því ekki skilyrði til beitingar 25. gr. samkeppnislaga. Að svo búnu máli væru því ekki lögmæt skilyrði til þess að fjalla efnislega um meintan rétt Góu-Lindu til notkunar vörumerkisins. Með skráningarumsókninni hafi ágreiningsefni er að vörumerkinu lúti verið markaður farvegur til lögmætrar úrlausnar á vettvangi stjórnsýslunnar. Fyrir en fyrir liggi úrskurður Einkaleyfastofu verði ekki skorið úr því

á vettvangi samkeppnisyfirvalda hvort notkun umrædds vörumerkis samrýmist þeim skilyrðum sem samkeppnislög setji þar að lútandi. Samkeppnisstofnun muni því ekki aðhafast frekar í málinu fyrr en afgreiðsla Einkaleyfastofu á umsókn Góu-Lindu liggja fyrir.

## 5.

Með bréfi Magnúsar H. Magnússonar hrl., f.h. Góu-Lindu, dags. 21. ágúst 2003, fylgdi afrit af samþykkt Einkaleyfastofu á skráningu vörumerkisins (orð- og myndmerkisins) Karamelludýrin frá Góu. Í bréfi lögmannsins kemur fram að mat skráningaryfirvalda sé því að ekki sé ruglingshætta á milli merkja Góu-Lindu og Mónu í skilningi laga um vörumerki og að orðið Karamelludýr skorti sérkenni gagnvart þeirri vöru sem um sé að ræða. Ekki séu því skilyrði til að taka kröfu Mónu til greina með stoð í 25. gr. samkeppnislaga þar sem þar til bær stjórnvöld hafi þegar tekið þá afstöðu að kærandi eigi ekki betri rétt en kærði. Sé því þess vænst að kvörtun Mónu verði hafnað.

## 6.

Þann 4. september 2003 gaf Samkeppnisstofnun lögmanni Mónu kost á að koma að frekari athugasemdum í málinu. Með bréfi, dags. 10. september 2003, er tilkynnt að Móna muni andmæla skráningu Góu-Lindu og óskað er eftir að meðferð málsins verði frestað þar til endanleg niðurstaða liggja fyrir.

Samkeppnisstofnun tilkynnti málsaðilum, 12. september 2003, að ekkert yrði aðhafst fyrr en niðurstaða Einkaleyfastofu liggja fyrir.

Með bréfi, dags. 17. febrúar 2004, sendi Góu-Linda Samkeppnisstofnun afrit af ákvörðun Einkaleyfastofu í andmælamáli nr. 6/2004 (Móna gegn Góu-Lindu). Þar kemur fram að skráning vörumerkisins Karamelludýrin frá Góu skuli halda gildi sínu.

Í ákvörðun Einkaleyfastofu er rakið að þegar ruglingshætta vörumerkja sé metin sé m.a. litið til þess hvort vörulíking, sjónlíking og hljóðlíking sé með merkjunum. Meta verði alla þættina saman og það sem ráði úrslitum sé hvort heildarmynd merkjanna sé svo lík að ruglingi geti valdið. Um vörulíkingu sé að ræða milli þeirra vara sem beri merkin Karamelludýrin frá Góu og Karamelludýrin.

Fram kemur að merki Góu-Lindu sé svart/hvítt aflangt orð- og myndmerki. Við miðju merkisins sé áberandi mynd af fíl séðum frá hlið og standi fíllinn ofan á borða sem hýsi einn orðhluta merkisins. Inni í borðanum sé ritað „Karamelludýrin“ og fyrir neðan borðann standi með lítið smærra letri „frá Góu“. Neðst í merkinu séu fjögur glaðhlakkaleg dýr, önd, köttur, api og asni. Virðist sem um sé að ræða teiknaðar myndir sem gerðar séu sérstaklega fyrir umbúðirnar. Merki Mónu sé einnig orð- og myndmerki þar sem fyrir miðju sé aðal myndhluti merkisins þar sem ritað sé með

hvítum hástöfum innan í svartan aflangan kassa „Karamelludýr“. Fyrir ofan og neðan orðhlutann séu átta dýr, fjögur fyrir ofan og fjögur fyrir neðan. Dýrin virðist vera myndir af sælgæti eða sælgætismótum. Neðst í merkinu sé letrað með lágstöfum „móna“.

Í ákvörðuninni kemur fram að samkvæmt vörumerkjalogum sé það skilyrði skráningar vörumerkis að merkið sé til þess fallið að greina vörur merkiseiganda frá vörum annarra. Vörumerkið verði að hafa til að bera nægjanlegt sérkenni til að geta talist vörumerki. Lýsandi merki sem eingöngu gefi til kynna tegund eða eiginleika séu ekki nægilega sérkennileg og teljist óskráningarhæf. Í tiltekinni útfærslu eða með mynd geti þau þó haft nægjanlegt sérkenni og því talist skráningarhæf.

Að mati Einkaleyfastofunnar hafi myndhlutar merkjanna svipuð áhrif á heildarmyndina og orðhlutar þeirra. Algengt sé að sælgætisframleiðendur móti sælgæti sitt á ákveðinn hátt til að höfða til barna og annarra neytenda s.s. snuð, bíla, krítar og dýr. Sælgætið sé iðulega nefnt eftir samsetningu af þeirri fyrirmynd sem varan sækir til og tegund sælgætisins s.s. gúmmíbirnir, lakkríssnuð og hlaupkarlar. Verði slíkir orðhlutar því að teljast veikir og sérkennalitlir og í langflestum tilvikum telji neytendur slíkar vörur ekki endilega stafa einvörðungu frá einum framleiðanda fremur en öðrum. Það sé því mat Einkaleyfastofunnar að orðið Karamelludýr sé ekki sérkennandi og því sé ekki hægt að fallast á að andmælandi njóti einkaréttar á því orði einu sér. Með því væri réttur annarra sælgætisframleiðanda takmarkaður um of til að lýsa vöru sinni. Þá hafi Móna ekki sýnt fram á betri rétt til vörumerkisins á grundvelli notkunar eða markaðsfestu.

## 7.

Þann 23. febrúar 2004 tilkynnti Samkeppnisstofnun málsaðilum að þar sem fyrir lægi ákvörðun Einkaleyfastofu um vörumerkið Karamelludýrin frá Góu myndi málið tekið til afgreiðslu með vísan til ákvæða samkeppnislaga. Jafnframt var tilkynnt að sökum mikils fjölda mála í meðferð hjá stofnuninni væru fyrirsjáanlegar tafir á afgreiðslu þess. Þann 16. júlí 2004 tilkynnti stofnunin málsaðilum aftur um töf á afgreiðslu.

## III.

### Niðurstaða

Á fundi samkeppnisráðs, þann 18. febrúar 2005, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

## 1.

Í máli þessu deila sælgætisframleiðendurnir og keppinautarnir Móna og Góa-Linda um heitið Karamelludýr á framleiðsluvörur fyrirtækjanna, þ.e. karamellufyllt súkkulaði í formi dýra. Að mati Mónu veldur notkun Góu-Lindu á orðinu Karamelludýr ruglingshættu við samnefnda vöru Mónu og skaði jafnframt ímynd vöru þeirra. Í máli Góu-Lindu kemur fram að orðið Karamelludýr sé almennt og lýsandi og ekki sé hægt að banna öðrum að nota það. Hefur merkjum beggja málsaðila verið lýst hér að framan í frásögn Einkaleyfastofu.

Í erindi kvartanda, Mónu, er vísað til 20. og 25. gr. samkeppnislaga. Í 20. gr. segir að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir séu tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum síðum í viðskiptum. 25. gr. laganna hljóðar svo:

*„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“*

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 kemur fram að í 25. gr. laganna felist almenn samkeppnisregla um vernd auðkenna og sé hún til fyllingar á vörumerkjavernd. Fyrri málsliður greinarinnar hefur að geyma almennt bann við því að nota auðkenni, t.d. firmanafn og vörumerki, sem annar á. Rétturinn til þessara auðkenna getur hvílt á sérlöggjöf svo sem lögum um vörumerki, lögum um verslunarskrár, firmu og prókúruumboð og því um líkt. Samkvæmt greinargerðinni skiptir ákvæðið máli um viðbótarvernd þá sem framangreind sérlög veiti auðkennunum. Þá segir í greinargerðinni að í 2. málslið 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Áður en lengra er haldið tekur samkeppnisráð fram að við afgreiðslu mála sem varða 25. gr. samkeppnislaga hjá samkeppnisyfirvöldum verður að hafa í huga að verið er að fjalla um samkeppnisrétt en ekki vörumerkjarétt. Hefur áfrýjunarnefnd samkeppnismála þannig bent á að 25. gr. samkeppnislaga felur í sér sérreglu á samkeppnisviðinu, sbr. úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála nr. 14/2003, *Garðatorg, eignamiðlun ehf. gegn samkeppnisráði*. Ljóst er að mörg þeirra auðkenna sem koma til kasta 25. gr. myndu ekki fást skráð sem vörumerki, þ.e. sem orðmerki, þar sem þau eru almenn orð, lýsandi fyrir starfsemi o.s.frv. Hér er ekki verið að fást



við þennan þátt heldur hvort notkun auðkennis veiti upplýsingar sem valdi ruglingi hjá neytendum, gefi villandi upplýsingar um eignarrétt eða leiði til þess að villst verði á fyrirtækjum.

Fram hefur komið hér að framan að báðir málsaðilar hafa skráð vörumerki sín hjá Einkaleyfastofu, þ.e. annars vegar á Móna skráð merkið Karamelludýrin og hins vegar á Góa-Linda merkið Karamelludýrin frá Góu. Að mati samkeppnisráðs hafa báðir málsaðilar því öðlast rétt til auðkenna sinna, samanber ákvæði 2. málslíðar 25. gr. en skv. málslíðnum er rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt er að nota auðkennið þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.

Óumdeilt er í málinu að það var Móna sem var fyrri til með framleiðslu Karamelludýra. Þá var fyrirtækið einnig fyrra til að skrásetja vörumerki sitt, á árinu 1999, en Góa-Linda gerði það fyrst eftir að mál þetta hófst eða í nóvember 2002. Þarf þá að líta til þess hvort notkun Góu-Lindu, sem seinna byrjaði notkun orðsins Karamelludýr, valdi ruglingshættu milli aðila.

Samkeppnisráð er sammála því sem komið hefur fram í máli Góu-Lindu að orðið Karamelludýr sé lýsandi fyrir þá vöru sem um ræðir en um leið er það einnig einkennandi fyrir vöru keppinautarins sem var fyrri til með framleiðslu og markaðssetningu. Samkeppnisráð telur að þó fram komi í nafni Góu-Lindu að þau séu frá Góu, þ.e. Karamelludýrin frá Góu, þá sé það ekki nægjanleg aðgreining til að greina þau frá vöru keppinautarins. Í þessu sambandi skiptir máli að neytendur og kaupendur hafa vörur beggja framleiðanda sjaldnast fyrir framan sig í einu. Þá er einnig til þess að taka að umbúðum Góu-Lindu utan um vöruna svipar til umbúða Karamellu- og Sirkusdýranna frá Mónu og að þar sem varan er seld í lausu er ekki hægt að greina aðra frá hinni. Neytendur muni því í flestum tilvikum halda að um sömu vöru væri að ræða. Að mati samkeppnisráðs er nafngift Góu-Lindu því til þess fallin að hafa áhrif á eftirspurn, til þess að villst verði á vörunum og gefur til kynna að um tengsl sé að ræða á milli fyrirtækjanna sem framleiða vörurnar.

Að mati samkeppnisráðs brýtur notkun Góu-Lindu á orðinu Karamelludýr í bága við ákvæði 2. málslíðs 25. gr. samkeppnislaga. Samkeppnisráð telur jafnframt að Góa-Linda hafi með því að velja vöru sinni sama nafn og sama útlit og keppinauturinn hafði áður gert brjót í bága við góða viðskiptahætti sbr. 20. gr. sömu laga.

Í upphaflegu erindi Mónu var því haldið fram að vafi léki á því að verðlagning Góu-Lindu á Karamelludýrum væri nægilega há til að mæta kostnaði við framleiðsluna. Góa-Linda vísaði fullyrðingum Mónu algerlega á bug. Engin frekari rök eða gögn komu fram um þetta atriði í málinu og telur samkeppnisráð því ekki ástæðu til að fjalla sérstaklega um þennan þátt kvörtunarinnar.

**IV.**  
**Ákvörðunarorð:**

**„Góa-Linda sælgætisgerð ehf., Garðahrauni 2, Garðabæ, hefur með notkun orðsins Karamelludýr á framleiðsluvöru fyrirtækisins brotið í bága við ákvæði 20. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.**

**Með heimild í 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga bannar samkeppnisráð Góu-Lindu sælgætisgerð ehf. notkun orðsins Karamelludýr.**

**Bannið tekur gildi fjórum vikum eftir birtingu ákvörðunarinnar.“**

**Bókun Atla Freys Guðmundssonar og Ólafs Björnssonar:**

**„Við teljum ekki ástæðu til að aðhafast í máli þessu enda er orðið Karamelludýr ekki sérkennandi.“**

*[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 7/2005](#)]*